

## Nefndasvið Alþingis Velferðarnefnd

Reykjavík 5. apríl 2024

### Efni: Umsögn frá VIRK-Starfsendurhæfingarsjóði um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga, 864 mál

VIRK-Starfsendurhæfingarsjóður (VIRK) hefur tekið til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingar á örorkulífeyriskerfinu þar sem markmiðið er að bæta núverandi kerfi, einfalda það ásamt því að auka starfsendurhæfingu, sveigjanleika og möguleika einstaklinga til aukinnar virkni og lífsgæða.

**VIRK fagnar þessu frumvarpi og styður það. Þessar kerfisbreytingar munu án efa hafa jákvæð áhrif á marga þjónustuþega VIRK og auka möguleika þeirra til bæði virkrar þátttöku í starfsendurhæfingunni og þátttöku á vinnumarkaði að lokinni starfsendurhæfingu.**

**Í þessu samhengi má sérstaklega draga fram eftirfarandi þætti:**

#### Aukinn sveigjanleiki í framfærslu með nýjum sjúkra- og endurhæfingargreiðslum

Ef þetta frumvarp verður að lögum þá verður framfærsla einstaklinga á meðan á endurhæfingu stendur betur tryggð þar sem heimilt verður að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur á biðtíma og á meðan einstaklingur fer úr einu þjónustukerfi í annað. Einnig verður heimilt að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur á meðan einstaklingar eru í virkri meðferð í heilbrigðiskerfinu. Þetta skiptir miklu máli fyrir einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Þeir þurfa stundum að fara á milli þjónustukerfa og geta í núgildandi kerfi misst framfærslu sína á meðan þeir bíða eftir þjónustu. Miklar framfærsluáhyggjur hafa síðan slæm áhrif á árangur í starfsendurhæfingu.

Þessar breytingar munu líka létta álagi á heilsugæsluna þar sem ekki verður þörf á að gera flóknar endurhæfingarátlanir fyrir einstaklinga sem eru eingöngu í meðferð innan heilbrigðiskerfisins. Þetta er því mjög stórt framfaraskref innan kerfisins sem mun án efa hafa jákvæð áhrif á einstaklinga í viðkvæmri stöðu.

Það er einnig mjög jákvætt að í frumvarpinu er gert ráð fyrir þeim möguleika að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í allt að þrjá mánuði eftir að endurhæfingu lýkur og á meðan á vinnuleit stendur. Þessi aukni sveigjanleiki getur dregið úr kvíða og aukið sviðrúm til atvinnuleitar hjá einstaklingum með skerta starfsgetu.

#### Auknir möguleikar til atvinnuþátttöku fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu

Ákvæði um hlutaörorkulífeyri mun án efa nýtast mörgum þeim einstaklingum sem ljúka þjónustu VIRK með skerta starfsgetu. Um er að ræða hóp sem bæði getur og vill vinna en hefur haft takmarkaða möguleika í núgildandi kerfi. Hlutaörorkulífeyrir, með mun betra frítækjumarki en áður, mun gefa þessum einstaklingum aukin tækifæri bæði þeim og atvinnulífinu til heilla.

## Nýtt samþætt sérfræðimat í stað núgildandi örorkumatsstuðuls

Samkvæmt frumvarpinu á að þróa nýtt samþætt sérfræðimat í stað núgildandi örorkumatsstuðuls sem hefur verið óbreyttur frá árinu 1999. Þetta er löngu tímabært og mikilvægt í öllu samhengi. Ramminn utan um hið nýja mat er ICF flokkunarkerfið og er það í takt við þá leið sem okkar nágrannabjóðir hafa verið að fara. Megináhersla verður á færni, valdeflingu og stuðning við fólk til að nýta sína hæfileika og getu. Þetta er í takt við markmið starfsendurhæfingar og VIRK lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í þessari þróun og leggja m.a. til þá þekkingu og þróun sem hefur átt sér stað innan VIRK á þessu sviði.

## Virknigreiðslur og aukin aðstoð til þátttöku á vinnumarkaði

Einstaklingar sem geta unnið að hluta en þurfa að finna starf við hæfi geta, samkvæmt frumvarpinu, fengið greiddar sérstakar virknigreiðslur á meðan á atvinnuleit stendur. Þetta er mikilvægt til að tryggja sanngirni og stuðning til þessara einstaklinga. Á þennan hátt kemur einnig í ljós hvort störf finnast fyrir þessa einstaklinga á vinnumarkaði og sú upplýsingaöflun getur verið mikilvæg inn í frekara mat.

## Samstarf þjónustukerfa

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögfest sé skylda þjónustukerfa til að eiga með sér aukið samstarf með það að markmiði „að stuðla að heildstæðri nálgun og samfellu við veitingu þjónustu.....“. Sett verða á laggirnar sérstök *samhæfingarteymi* þar sem sitja fagaðilar frá mismunandi þjónustukerfum. Gert er ráð fyrir að þjónustukerfin þrói þetta samstarf og semji um það sín á milli. VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður er eitt af þessum þjónustukerfum og fulltrúar VIRK eru nú þegar farnir að undarbúa þetta samstarf í samvinnu við hin kerfin.

VIRK fagnar þessum greinum í frumvarpinu. Aukið samstarf mismunandi kerfa getur án efa opnað nýjar leiðir fyrir einstaklinga sem glíma við langvarandi heilsubrest af ýmsum toga. Það er einnig skynsamleg leið að fela þessum þjónustukerfum að móta þetta samstarf sín á milli með samningum sem síðan er hægt að breyta eftir aðstæðum og þörfum hverju sinni. Velferðarþjónustan þarf stöðugt að þróast og breytast í takt við þarfir einstaklinga og samfélags og samstarf af þessum toga þarf að taka mið af því.

VIRK er reiðubúið til að fylgja þessari umsögn eftir og er nú sem endranær reiðubúið til að taka þátt í þessari mikilvægu umbótavinnu.

Virðingarfyllt,

F.h. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs



Vigdís Jónsdóttir, forstjóri